

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 66/1917.

Olafur G. Eyjólfsson fyrir  
hönd lífsábyrgðarfélagsins  
»Carentia«  
gegn

Elínu Stephensen fyrir hönd  
erfingja Magnúsar Stephen-  
sens kaupmanns og dánar-  
bús Magnúsar Stephensens  
landshöfðingja.

D ó m u r :

Þann 27. nóv. 1915 ritaði Magnús Stephensen kaupmaður hér í bænnum undir beiðni um líftryggingu handa sér, að upphæð 10000 kr., hjá lífsábyrgðarfélaginu »Carentia« í Kaupmannahöfn; ritaði hann beiðnina á eitt af eyðublöðum þeim, er félagið hefir útbúið til útfyllingar handa þeim, sem leita váttryggingar hjá því, og afhenti hann hana umboðsmanni félagsins hér, Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni, en hann sendi beiðnina stjórn félagsins í Kaupmannahöfn með áritun um, að greiddar væru 30 kr., sem áttu að vera til lúkningar innritunargjaldi og stimpilgjaldi, samtals 7 kr., og 23 kr. upp í ársiðgjaldið. Stjórn félagsins gaf síðan út líftryggingarskirteini 27. des. s. á. handa beiðanda fyrir nefndri upphæð gegn 199 kr. ársiðgjaldi og sendi það nefndum umboðsmanni sínum hér og meðtók hann það 6. jan. f. á. En þá var Magnús Stephensen farinn héðan á leið til Kaupmannahafnar, og 18. s. m. barst hingað fregn um það, að hann hefði fallið útbyrðis 13. s. m. í ofviðri af skipi því, er hann fór með, og druknað; var

þetta sannað með sjóferðaprófi í Kaupmannahöfn. Einum eða tveimur dögum eftir að fregn þessi barst hingað, skýrði umboðsmaður félagsins mági hins látna, Magnúsi Sigurðssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, frá því, að váttryggingarskirteini Magnúsar Stephensen væri komið í sínar hendur, og bauð Magnús Sigurðsson þá fram það, sem vangoldið var af ársiðgjaldinu, 176 kr., og krafðist jafnframt, að félagið greiddi líftryggingarupphæðina, en umboðsmaðurinn sá sér eigi fært að verða við þeirri kröfu eða að taka við iðgjaldinu, en kvaðst mundu leyta úrskurðar félagsstjórnarinnar um málið. Magnús Sigurðsson greiddi þá Íslandsbanka iðgjaldseftirstöðvarnar, 176 kr., gegn skirteini bankans um, að upphæðin yrði greidd »Carentia« gegn afhendingu skirteinisins, og þetta tilkynti hann umboðsmanni félagsins með bréfi dags. 20. s. m., sendi honum bankaskirteinið og ítrekaði fyrir hönd dánarbús Magnúsar Stephensen kröfu sína um greiðslu líftryggingarupphæðarinnar. En stjórn félagsins neitaði að taka þessa kröfu til greina. Út af þessari neitun höfðaði faðir hins látna kaupmanns, Magnús Stephensen fyrverandi landshöfðingi, mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ólafi G. Eyjólfssyni stórkaupmanni fyrir hönd lífsábyrgðarfélagsins »Carentia« (Det danske Livsforsikringsselskab »Carentia« gensidigt) og krafðist þess, að félagið yrði dæmt til að greiða sér sem nánasta erfingja hins váttrygðna og væntanlegum handveðshafa í tryggingarskirteininu váttryggingarupphæðina, 10000 kr., og var sú krafa tekin til greina með dómi bæjarþingsins uppkveðnum 29. marz þ. á.

og félagið auk þess dæmt til að greiða stefnanda 60 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir nefndur stórkaupmaður fyrir hönd lifsábyrgðarfélagsins »Carentia« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. ágúst þ. á., og hefir hann stefnt ekkju Magnúsar Stephensen fyrirverandi landshöfðingja, frú Elínu Stephensen, fyrir hönd dánarbús hans og fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns. Eru kröfur hans þær, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu og að félaginu eða áfrýjanda fyrir þess hönd verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Hins vegar er það krafa stefndu, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og henni dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir synjun sinni um greiðslu váttryggingarupphæðarinnar tilgreindi áfrýjandi þá ástæðu, að með því að Magnús Stephensen hefði dáið 13. jan. f. á. án þess að hafa greitt fyrsta iðgjaldið fyrir váttryggingarskirteinið, þá hefði það aldrei náð gildi, og í því efni stýðst áfrýjandi við svolátandi ákvæði í skirteininu: Skirteinið kemur í gildi þann dag, er iðgjaldið greiðist í fyrsta skifti, en aldrei fyr en þann dag, er skirteinið er dagsett.

Stefnda hefir hins vegar gert þá grein fyrir kröfu sinni, að Magnús Stephensen hafi samkvæmt váttryggingarbeiðninni verið trygður eftir hinum almennu váttryggingarskilyrðum félagsins, en í þeim sé alls ekki minnst á það, að váttryggingarskirteinið komi fyrst í gildi þann dag, sem iðgjaldið er greitt í fyrsta skifti;

hins vegar sé það tekið fram í váttryggingarbeiðninni, að váttryggingarbeiðanda sé skylt að greiða iðgjaldið skilvíslega í síðasta lagi innan 30 daga frá því, er skirteinið var gefið út; hafi þetta verið váttrygða kunnugt og undir það hafi hann gengist; sé þetta og hið eina skilyrði um iðgjaldsgreiðslu, er sett sé af félaginu í þeim skjölum, er hann hafi fengið frá því, en þessu skilyrði hafi að öllu leyti verið fullnægt, þar sem váttryggingarskirteinið hafi verið gefið út 27. des. 1915, en iðgjaldið hafi verið að nokkru leyti greitt fyrirfram og eftirstöðvarnar boðnar fram 19. jan. 1916, eða nokkrum dögum áður en fyrgreindur 30 daga frestur var liðinn; hafi með þessu komist á bindandi samningur milli félagsins og váttrygða, sem félagið verði af sinni hálfu að uppfylla. En þó að eigi yrði fallist á þessa skýringu á váttryggingarskjölunum sé váttryggingin engu að síður í fullu gildi og félaginu skylt að inna af hendi váttryggingarupphæðina fyrir þá sök, að váttryggingarskirteinið hafi borist umboðsmanni félagsins hér 6. jan. 1916, og hafi það þá verið skýlaus skylda hans, að tilkynna váttrygða það tafarlaust til þess að skirteinið yrði innleyst, og félaginu verið með öllu óheimilt að »spekúlera« í því, hvernig váttrygða reiddi af í ferðinni. En félagið eða umboðsmaður þess hafi enga tilkynningu sent; hefði hún verið send á heimili Magnúsar, mundi faðir hans hafa tafarlaust greitt iðgjaldseftirstöðvarnar, enda hafi hann að ráðstöfun váttrygða átt að fá skirteinið að handveði til tryggingar lánsábyrgð, er hann hafði gengið í fyrir váttrygða, og váttrygði hafi, áður en hann fór, gert ráð-

stöfun til þess að iðgjaldið yrði greitt að fullu, þegar er skirteinið kæmi. Og þótt það nú væri rétt, sem áfrýjandi heldur fram, að Magnús hafi beðið umboðsmanninn að geyma skirteinið þar til er hann kæmi aftur, þá komi þetta í sama stað niður, þar sem félagið með því að halda hjá sér skirteininu hafi veitt frest á iðgjaldsgreiðslunni og verði að taka afleiðingunum af því. Og hvað sem öðru líði hafi félagið skuldbundið sig til að greiða tryggingarupphæðina með því að taka athugasemda- og fyrirvaralaust við bankaskirteinina fyrir iðgjaldseftirstöðvunum og halda því í sínum vörzlum.

Öllum þessum málsástæðum stefndu mótmælir áfrýjandi. Tekur hann það fram, að réttur váttrygða gegn félaginu hljóti að fara eftir ákvæðum váttryggingarskirteinisins, og skirteini Magnúsar Stephensens hafi um það atriði, hvenær það komi í gildi, alveg sama ákvæði og öll önnur skirteini félagsins; hafi Magnús Stephensen þekt þetta ákvæði skirteinisins með því að hann hafi starfað á skrifstofu Ólafs G. Eyjólfssonar og um langan tíma fengist við afgreiðslu slíkra skirteina. Um það ákvæði í tryggingarbeiðninni, að beiðandi skuldbindur sig til að hafa leyst til sín skirteinið á 30 daga fresti frá því er það var gefið út, lætur áfrýjandi þess getið, að hér sé að eins um að ræða skyldu beiðanda til að greiða fyrsta iðgjald á tilteknum fresti og rétt félagsins til að ganga eftir því, en alls ekki um skuldbindingu fyrir félagið. Fyrir því sé það fjarri sanni, að samningur hafi komist á milli Magnúsar og félagsins um að tryggingin gengi í gildi, ef iðgjaldið væri greitt áður

en 30 dagar væru liðnir frá útgáfu skirteinisins án tillits til þess, hvort Magnús væri áður dáinn. Gegn umsögn stefnda um drátt eða vanrækslu Ólafs G. Eyjólfssonar að gera hlutaðeigendum viðvart um, að skirteinið væri komið til hans, heldur áfrýjandi því fram, að Ólafur hafi enga ástæðu haft, enn síður nokkra skyldu, til að tilkynna nokkrum manni, að skirteinið væri komið hingað, með því að Magnús Stephensen hafi beðið hann að geyma það þangað til að hann kæmi aftur og innleysti það, enda hafi hann ekki gefið neinum umboð til að taka við því, og Ólafur hafi verið óheimilt að afhenda skirteinið öðrum en þeim, er slíkt umboð hafði. Áfrýjandi lýsir það því rangt, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar af Magnúsi áður en hann fór til að innleysa skirteinið eða selja það að handveði, með því að slíkt geti ekki komið heim við það, sem Magnús hafi lagt undir við hann. Og enn getur áfrýjandi þess, að sú ráðstöfun af hendi stefnda, að láta iðgjaldseftirstöðvarnar til geymslu í Íslandsbanka og senda umboðsmanninum geymsluskirteinið, hafi eigi gefið umboðsmanninum neina ástæðu til að gera frekar en hann hafði áður gert, þ. e. neita að taka við upphæðinni og tjá sér það óheimilt, enda hafi áfrýjandi eigi tekið þetta fé úr bankanum eða hagnýtt sér það.

Deiluatridin í máli þessu eru, samkvæmt því er nú hefir verið sagt, þau, hvort líftrygging hafi stofnast hjá áfrýjanda fyrir Magnús Stephensen, þrátt fyrir það, að iðgjaldið fyrir trygginguna var eigi greitt nema að litlum hluta, þegar hann dó, og verði það eigi álitid, hvort áfrýjandi þó eigi að svara til

vátryggingarupphæðarinnar vegna þess að hann hafi átt sök á því, að iðgjaldið var ekki greitt í tækan tíma, eða viðurkennt eftir á kröfu stefnda. Á hið fyrra atriðið verður að líta svo, að fara beri eftir ákvæðum vátryggingarskirteinisins um það, hvenær vátryggingin náði gildi, með því að eigi er til annar samningur milli aðila um vátrygginguna og áfrýjandi hefir ekki tekið á sig aðrar skuldbindingar eða viðtækari en þar eru tilgreindar, en ákvæði skirteinisins um þetta atriði er, sem fyr segir, það, að skirteinið komi í gildi þann dag, er iðgjald greiðist í fyrsta skifti, þó aldrei fyrir en þann dag, sem skirteinið er dagsett, enda verður að telja ákvæðið í sjálfu sér eðlilegt, og því er ómótmælt haldið fram af áfrýjanda, að samskonar ákvæði sé sett í skirteini annara líftryggingarféлага. Á þessu getur það engri breytingu valdið, að Magnús Stephensen hefir í líftryggingarbeiðninni skuldbundið sig til að innleysa skirteinið eigi síðar en 30 dögum frá útgáfudegi þess, með því að eigi verður af þessu ráðið, að skirteinið geti náð gildi þó að iðgjald sé eigi greitt fyrir en eftir lát þess, er tryggingar hefir leitað, enda öðlaðist Magnús Stephensen eigi með þessari skuldbindingu eða yfirleitt með vátryggingarbeiðninni neinn rétt á hendur áfrýjanda. 8. gr. í hinum almennu vátryggingarskilyrðum félagsins, sem stefnda hefir vísað til í þessu sambandi, skiftir eigi heldur máli hér, þar sem grein þessi að eins ræðir um frest á greiðslu síðari iðgjalda fyrir skirteini, sem áður voru í gildi. Krafa stefnda um greiðslu vátryggingarupphæðarinnar verður þannig eigi bygð

á váttryggingarskjölunum, og er þá eftir að athuga, hvort áfrýjandi hafi eftir að váttryggingarskírteinið barst hingað og eftir að honum voru boðnar eftirstöðvar iðgjaldsins hagað sér svo, að hann fyrir það sé orðinn skyldur til að greiða váttryggingarupphæðina. Í því efni er þess að geta, að umsögn Ólafs G. Eyjólfssonar um, að Magnús hafi beðið sig að geyma váttryggingarskírteinið þangað til hann kæmi aftur og innleysti það, hefir ekki verið hnekt, og hún styrkist við það, að stefnda hefir eigi gegn mótmælum hans sannað, að Magnús hafi veitt neinum umboð til að taka við skírteininu hjá áfrýjanda eða gert ráðstöfun til þess að iðgjaldið væri greitt, en öðrum en þeim, sem hafði umboð til þess, var umboðsmanninum óheimilt eða þó óskýlt að afhenda skírteinið. Og með því eigi verður hældur talið, að nein viðurkenning um skyldu áfrýjanda til að greiða váttryggingarupphæðina sé í því fólgin, að hann endursendi eigi fyrgreint bankaskírteini, sem honum var sent eftir að hann hafði neitað að taka við iðgjaldseftirstöðvunum, verður að sýkna hann af kröfu stefndu í þessu máli.

Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Ólafur G. Eyjólfsson, fyrir hönd  
lifsábyrgðarfélagssins »Carentia« á að vera sýkn  
í þessu máli af kröfum stefndu, ekkjufrúar Elín-



ar Stephensen, fyrir hönd erfingja Magnúsar Stephensens kaupmanns og dánarbús Magnúsar Stephensens landshöfðingja.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. desbr. 1917.

Nr. 50/1917.

H. Söbstad

gegn

Valdemar Thorarensen  
fyrir hönd T. Bakkevig.

#### D ó m u r :

Með dómi gestaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar, uppkveðnum 16. júlí 1915, var áfrýjandi H. Söbstad dæmdur til að greiða stefnda Valdemar Thorarensen fyrir hönd T. Bakkevig 14058 kr. 36 a. með 5% ársvöxtum frá 3. ágúst 1911 til greiðsludags og málskostnað með 300 kr. Gestaréttardómi þessum var skotið til landsyfirdómsins og var hann staðfestur með dómi nefnds réttar uppkveðnum 13. nóv. 1916. Svo var og áfrýjandi með sama dómi dæmdur til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Þessi yfirréttardómur var birtur áfrýjanda 18. des. 1916 og eftir kröfu stefnda var honum fullægt með fógetagerð á heimili áfrýjanda á Siglufirði 14. maí 1917 og var þá gert fjárnám í ýmsum eignum áfrýjanda til fullnægingar á dómskuldinni, en skuldina reikn-